



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu sýningarinnar
Perlan Vestfirðir
Reykjavík
3. maí 2002**

Ágætu sýningargestir.

Vestfirðir, hágnæf fjöll og djúpir dalir, gjöful fiskimið, fjölbreytt náttúran, fugl í bjargi, selur í látri, dulúð og kyngikraftar hafa markað mannlífinu einstæða umgjörð og margar eru sagnirnar um sérkenni íbúanna sem þar hafa þrífist.

Vestfirðingar hafar reyndar sjálfir verið ötulir við að ala á þeirri ofurtrú að búseta í fjórðungnum gefi sálinni sérstakan styrk, galdramenn og seiðkonur séu í hverri byggð, sjósókn í erfiðum veðrum og frosthörðum vetrum sé tákni um þá atorku sem Vestfirðingum sé í blóð borin.

Við höfum öll sem uppruna eigum vestur á fjörðum sagt slíkar sögur, rakið lífshlaup karla og kvenna sem settu svip á þorp og sveitir, lýst einstæðri fegurð á lognstilltu vori þegar tindarnir speglast í sjávarfleti, saknað hreinleikans þegar nýfallinn snjórinn hjúpar allt hvítu líni.

Við höfum líka á undanförunum árum haft áhyggjur af framtíð Vestfjarða, fundist að þeir hafi lent utan garðs og njóti ekki sannmælis þegar metið er hvaða eiginleikar geti orðið þjóðinni aflgjafi í framtíðinni.

Frásagnir af erfiðleikum í atvinnulífi og rekstri fyrirtækja, deilur um fiskveiðistefnu og aflamagn, efasemdir um að skilyrði til búsetu laði fólki að, áföll og hörmungar sem dundu yfir fyrir nokkrum árum – allt hefur þetta orðið til að draga kjark úr mörgum og vekja upp efasemdir um getu fjórðungsins til að halda sínu í þeirri samkeppni sem í vaxandi mæli setur svip á þjóðlíf allt.

Þessi dökka mynd er þó engan veginn sannferðug lýsing á þeim eiginleikum sem Vestfirðir búa yfir né þeim tækifærum sem íbúunum bjóðast á komandi árum. Það er því fagnaðarefni að Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða skuli hafa efnt til sérstakra sýninga sem helgaðar eru framtíðinni, skapað vettvang til að vekja athygli á fjölmörgum uppsprettum auðs og framfara sem finna má vestra og nú komin til Reykjavíkur til að kalla höfuðborgina til vitnis um hvað hægt sé að gera.

„Perlan Vestfirðir“ er svo sannarlega réttnefni á þeirri kynningu sem Atvinnuþróunarfélagið efnir hér til og vissulega gefst okkur með henni önnur og bjartari sýn á framtíðina.

Vestfirðir eru á margan hátt ónumið land í þróun ferðaþjónustu á nýrri öld, atvinnugreinar sem margir telja að verði veigamikill vaxtarbroddur um veröld alla. Við Íslendingar höfum löngum beint athygli gesta okkar að sögustöðum og náttúruperlum í nágrenni höfuðborgar en á síðari árum hafa augu okkar opnast fyrir því að víðáttan í öðrum landshlutum er ekki síður auðlind sem erlendir ferðalangar sækjast eftir.

Vestfirðir búa yfir einstæðri fegurð og fjölbreytileika, jafnt að vori sem vetri, firðirnir ólíkir en hver og einn kringdur tignum fjöllum og ríkur af minjum um mannlíf og sögu.

Matarvenjur Vestfirðinga, nýmeti úr sjó og eyjum, gamlir siðir og hæfileikar til nýsköpunar í matargerð skapar fjórðungnum tækifæri til að gera sérstöðu sína að öflugum kynningarefni.

Ríkulegur sagnasjóður og söfnin sem efld hafa verið að undanfögnu hafa veitt Vestfjörðum kjörstöðu til að gera menninguna, bæði arfinn frá liðinni tíð og nýsköpun á okkar tímum, að veigamiklum þætti í eflingu fjórðungsins á komandi árum.

Þannig geta traustar rætur styrkt nýgróður í atvinnulífi en fjölmörg fyrirtæki, stór og smá, sem sprottið hafa upp vestra að undanfögnu eru vitnisburður um þann sköpunarmátt sem í mannfólkinu býr.

Það hefur verið mér fagnaðarefni að kynnast því í heimsóknum vestur á umliðnum árum hve víða er að finna nýbreytni í atvinnulífi og hve fjölpætt fyrirtækjaflóran er nú þegar orðin.

Sammerkt er öllu þessu umbótarstarfi að hæfileikar fólksins, atorka og hugmyndaauðgi er sú auðlind sem drýgst hefur dugað og Vestfirðingar eru svo sannarlega vel í sveit settir hvað hana snertir. Kannski er það trúin á eigin getu sem mestu skiptir þegar horfst er í augu við tækifærin sem framtíðin býður.

Sýningin „Perlan Vestfirðir“ sem færð er hingað til höfuðborgar er kröftug viljayfirlýsing Vestfirðinga, staðfesting á óbilandi trú íbúanna á eigin getu, öflugur vitnisburður um auðlindirnar sem Vestfirðir eiga.

Ég færi Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, forystumönnum sveitarfélaga og fyrirtækja og öllum þeim sem að sýningunni koma einlæggar þakkir fyrir þetta merka framlag og sérstakar þakkir frá okkur öllum sem ættir og uppruna eigum vestra fyrir að veita okkur þessa nýju sýn.

Með þeim orðum lýsi ég því yfir að sýningin „Perlan Vestfirðir“ er hér með opnuð og læt í ljós þá von að hún verði til að auka Vestfirðingum öllum bjartsýni og sóknarhug.